

# Greiðslutegundir lífeyristrygginga - júlí 2009

Ef greiðsla grunnlífeyris er ekki fyrir hendi vegna tekna þá greiðast ekki tengdir bótaflokkar.

Greiðslutegundir	Skýring	Mán.gr.	Fritekjumark		Núllmark		Skerðing
			kr.	ár	mán.	ár	
<b>Ellilífeyrir</b>							
Ellilífeyrir	1	29.294	2.575.220	214.602	3.981.332	331.778	25
Tekjutrygging	3	92.441	0	0	3.246.240	270.520	45,00
Heimilisuppbót	3	27.242	0	0	2.465.339	205.445	13,26
<b>Hámarksupphæð án uppbóta</b>		<b>148.977</b>					

Örorku-/endurhæfingarlífeyrir	kr.	ár	mán.	ár	mán.	%	
							Örorku- og endurhæfingarlífeyrir
Aldurstengd örorkuuppbót 100%	2	29.294	2.575.220	214.602	3.981.332	331.778	25
Tekjutrygging	3	93.809	0	0	3.282.720	273.560	45,00
Heimilisuppbót	3	27.242	0	0	2.501.178	208.432	13,07
<b>Hámarksupphæð án uppbóta</b>		<b>179.639</b>					

Annað	kr.	ár	mán.	ár	mán.	%	
							Framfærsluviðmið - býr ekki einn
Framfærsluviðmið - býr einn	4	180.000					
Örorkustyrkur	1	21.657	2.575.220	214.602	3.961.268	330.106	18,75
Uppbót á lífeyri - 5 til 140% af lífeyri	5				2.383.800	198.650	
Uppbót v/reksturs bifreiðar	6	10.828					
Vasapeningar	7	41.895	0	0	773.446	64.454	65

## Útskýringar á tekjutengingum:

### 1. Ellilífeyrir, örorkulífeyrir, endurhæfingarlífeyrir og örorkustyrkur

Allar skattskyldar tekjur hafa áhrif á útreikning nema bætur almannatrygginga, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, og úttekt séreignarlífeyrissparnaði. Fjármagnstekjur vege 100% frá 01.01.2009 en þó er 98.640 kr. frítekjumark á þeim. Tekjur maka skerða ekki bætur almannatrygginga en þó eru fjármagnstekjur ávallt taldar til sameiginlegra tekna.

### 2. Aldurstengd örorkuuppbót

Tekjutengd á sama hátt og örorkulífeyrir

### 3. Tekjutrygging og heimilisuppbót

Allar skattskyldar tekjur hafa áhrif á útreikning nema bætur almannatrygginga, félagsleg aðstoð, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, og úttekt séreignarlífeyrissparnaðar. Fjármagnstekjur vege 100% frá 01.01.2009. Tekjur maka skerða ekki bætur almannatrygginga en þó eru fjármagnstekjur ávallt taldar til sameiginlegra tekna. Heimilir eru frádrættir frá ákveðnum tekjuflokkum. Þeir frádrættir geta þó aldrei orðið hærri en nemur samanlögðum tekjum í þeim tekjuflokkum.

**Tekjur af atvinnu ellilífeyrisþega:** Frítekjumark ellilífeyrisþega er kr. 480.000 af atvinnutekjum við útreikning tekjutryggingar

**Tekjur af atvinnu örorkulífeyrisþega:** Frítekjumark örorkulífeyrisþega er kr. 1.315.200 af atvinnutekjum við útreikning tekjutryggingar

**Fjármagnstekjur:** Draga má 98.640 kr. frá fjármagnstekjum.

**Lífeyrissjóðstekjur ellilífeyrisþega:** Draga má 120.000 kr. frá lífeyrissjóðstekjum ellilífeyrisþega.

**Lífeyrissjóðstekjur örorkulífeyrisþega:** Draga má 328.800 kr. frá lífeyrissjóðstekjum örorkulífeyrisþega.

Draga skal tekjuskerðingu grunnlífeyris frá tekjuskerðingu tekjutryggingar. Þetta leiðir til þess að núllmark tekjutryggingar er mismunandi eftir því hvort og þá hversu mikil skerðing grunnlífeyris er. Núllmark er það tekjumark sem greiðslur falla niður við.

	Lægsta núllmark	Hæsta núllmark
Tekjutrygging ellilífeyrisþega	<b>2.465.093</b>	3.246.240
Tekjutrygging örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega	<b>2.501.573</b>	3.282.720

### 4. Framfærsluviðmið

Ef samanlagðar greiðslur skattskyldra lífeyrisgreiðslna og tekna annars staðar frá eru undir lágmarksviðmiði er greitt það, sem upp á vantar, sem sérstök uppbót til framfærslu. Sömu skilyrði eru fyrir hærri lágmarksviðmiði og fyrir heimilisuppbót.

### 5. Uppbót á lífeyri - 5 til 140% af lífeyri

Allar tekjur skerða. Uppbætur falla niður ef eignir í peningum og verðbréfum fara yfir 4 milljónir hjá einstaklingi en 8 milljónir hjá hjónum.

### 6. Uppbót v/reksturs bifreiðar

Þessar greiðslur eru ekki tekjutengdar en grunnlífeyrir verður að vera fyrir hendi.

### 7. Vasapeningar

Sama og lífeyrir